

Ed.

262. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um viðauka og breytingu á lögum nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá nefndinni.

1. Ný grein bætist framan við frumvarpið sem 1. grein, svohljóðandi:
Í 4. gr. nefndra aðflutningsbannslaga aftan við orðin: »þeim efnun, er gera það óhæft til drykkjar«, bætist inn í:
ef það er unt.
2. Við 1. gr. sem verður 2. gr., í 2. málsg. aftan við orðin »ábyrgist skipstjóri, að« bætist inn í:
engu áfengi sje skotið undan innsiglun og að.
3. Við sömu gr., 4. málsgrein falli burt.
4. — — — í 5. málsgrein, sem verður 4. málsg. fyrir, »öllum« komi:
skipverja.
5. Síðasta málsg. sömu greinar falli burt.
6. Við aðra gr., sem verður 3. gr., í 1. málsgrein fyrir »Geti hann ekki áfengi«, komi:
Geri hann það ekki.
7. Síðari málsg. 2. greinar orðist svo:
Taka má fastan hvern þann mann, er ölvaður er á almannafæri, en ekki má hafa hann í haldi lengur en þörf krefur og aldrei lengur en 24 klukku-stundir.
8. Við 3. gr., sem verður 4. gr., fyrir »4« komi:
12.
9. Inn í sömu grein, milli beggja málsgreinanna bætist:
Stjórnarráðið sjer um, að í hverri sveit og kaupstað sjeu til eyðublöð undir framtal vínbirgða, til þess að birgðirnar verði sundurliðaðar greinilega.
Heimilt er lögreglustjóra að skoða eða láta umboðsmann sinn skoða vínbirgðirnar.
10. Við söma gr. fyrir »14 daga« komi:
8 vikna.
11. Við 4. gr. sem verður 5. grein: 1. málsgrein falli burt.
12. Í 2. málsg. sömu greinar falli burtu orðið: «þessum«.

13. Síðasta málsgrein sömu greinar orðist svo:

Um sölu áfengis sem ætlað er til verklegra afnota, hvort sem það hefir verið gert óhæft til drykkjar eða ekki, setur Stjórnarráðið reglur því til tryggingar, að það verði ekki haft til þess að brugga úr því áfenga drykki eða haft til neyslu.

14. Við 5. gr. sem verður 6. gr.: Fyrri setningin orðist svo:

Brot gegn 2. grein laga þessara varði sektum sem brot gegn 1. gr. oftnefndra aðflutningsbannslaga.

15. Við 6. gr. sem verður 7. gr., bætist:

Svo er og úr gildi feld 2. málsgrein í 2. grein í lögum nr. 23, 20. október 1913 um viðauka og breytingu á lögum um aðflutningsbann 30. júlí 1909.

16. 7. gr. verði 8. gr.

17. Aftan við fyrirsögn frumvarpsins bætist:

og lögum nr. 23, 20. október 1913 um viðauka og breytingu á þeim lögum.